



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu þrjá mánuði áráanna 2011 og 2012

**2012**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu þrjá mánuði áráanna 2011 og 2012. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir þrjá mánuði áráanna 2011 og 2012.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 12,7% fyrstu þrjá mánuðum ársins 2012 samanborið við fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Fjöldi tilkynninga var 1.879 fyrstu þrjá mánuði ársins 2012, en 2.153 fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Fleiri tilkynningar bárust um drengi, en stúlkur, en var hlutfall tilkynninga vegna drengja 54,2% fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2012. Kynjaskipting vegna tilkynninga í sískráningu liggur fyrir frá árinu 2012. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 12,5% og um 13,3% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættu hegðunar barna eða 37,4% tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2012, en 43,7% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Alls voru 36,6% tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 vegna vanrækslu, en 32,0% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 var 25,5%, en 23,4% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Hlutfall tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 vegna þess að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var 0,5%, en 1% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 7,5%. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 var hlutfallið 8,2%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 6,3%, en 5,0% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 var 42,1%, en 45,1% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 var 1.621 barn, en sambærileg tala fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 var 1.775 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012 miðað við fyrstu þrjá mánuði árið á undan. Umsóknir voru 21 fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 en 28 fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Flestar umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 81,0%, en þetta hlutfall var 71,4% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Fleiri umsóknir bárust fyrir stúlkur fyrstu þrjá mánuði ársins 2012, eða 57,1%, en hlutfall drengja var hærra fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 eða 64,3%

Alls bárust 17 umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST) fyrstu þrjá mánuði ársins 2012, en 19 umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölpættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Fleiri umsóknir bárust fyrir stúlkur fyrstu þrjá mánuði ársins 2012, eða 52,9%, en hlutfall drengja var hærra fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 eða 78,9%

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fækkaði úr 46 í 29 á umræddu tímabili. Flestar umsóknir voru um tímabundið fóstur eða 75,9% umsókna fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 en 71,7% umsókna fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Fleiri umsóknir bárust fyrir stúlkur fyrstu þrjá mánuði ársins 2012, eða 65,5%, en hlutfall drengja var hærra fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 eða 60,9%

Í Barnahúsi fjölgaði rannsóknarviðtölum fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 úr 43 í 60 miðað við fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 78,3% fyrstu þrjá mánuði ársins 2012, en 72,1 % fyrstu þrjá mánuði ársins 2011.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012 voru 54 vistanir í neyðarvistun Stuðla, en 53 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2011. Vistunardögum fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012 úr 400 dögum fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 í 304 daga. Fjöldi einstaklinga sem voru vistaðir fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 var 33 einstaklingar, en 38 fyrir sama tímabil árið á undan. Fleiri drengir komu í neyðarvistun, en hlutfall drengja var 69,7 % fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 en 65,8% fyrstu þrjá mánuði ársins 2011.

Fjöldi umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði úr 18 í 20 fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 miðað við árið á undan. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	1.032	47,9	858	45,7
Seltjarnarnes	14	0,7	13	0,7
Kópavogur	212	9,8	159	8,5
Garðabær	24	1,1	32	1,7
Hafnarfjörður	184	8,5	215	11,4
Álftanes	18	0,8	18	1,0
Reykjanesbær	85	3,9	109	5,8
Grindavík	41	1,9	9	0,5
Sandgerði	66	3,1	64	3,4
Mosfellsbær	43	2,0	41	2,2
Akranes	34	1,6	18	1,0
Borgarfjarðar og Dala	9	0,4	11	0,6
Snæfellinga	4	0,2	8	0,4
Norðanverðir Vestfirðir	30	1,4	49	2,6
Vesturbyggð og Tálknafjörður	5	0,2	6	0,3
Húnaþing vestra	7	0,3	10	0,5
A-Hún	11	0,5	9	0,5
Skagafjörður	8	0,4	5	0,3
Útey	36	1,7	12	0,6
Eyjafjörður	97	4,5	83	4,4
Þingeyingar	19	0,9	17	0,9
Fljótshálsa	18	0,8	22	1,2
Fjarðabyggð	22	1,0	13	0,7
Hornafjörður	15	0,7	7	0,4
Árborg	55	2,6	32	1,7
Árnesþing*	16	0,7	15	0,8
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	16	0,8	7	0,4
Vestmannaeyjar	31	1,4	37	2,0
<b>Samtals</b>	<b>2.153</b>	<b>100,0</b>	<b>1.879</b>	<b>100,0</b>

\*Í ágúst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árneshrepps

### Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum\*

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	1.019	54,2
Stúlkur	856	45,6
Ekki vitað	4	0,2
<b>Samtals</b>	<b>1.879</b>	<b>100,0</b>

\*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði\*

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	1.527	70,9	1.336	71,0
Landsbyggð	626	29,1	543	28,9
<b>Samtals</b>	<b>2.153</b>	<b>100,0</b>	<b>1.879</b>	<b>100,0</b>

\* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um\*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	811	45,7	705	43,5
Seltjarnarnes	11	0,6	13	0,8
Kópavogur	184	10,4	135	8,3
Garðabær	23	1,3	32	2,0
Hafnarfjörður	160	9,0	194	12,0
Álftanes	14	0,8	18	1,1
Reykjanesbær	83	4,7	101	6,2
Grindavík	32	1,8	8	0,5
Sandgerði	37	2,1	50	3,1
Mosfellsbær	34	1,9	37	2,3
Akranes	26	1,5	16	1,0
Borgarfjarðar og Dala	9	0,5	9	0,6
Snæfellinga	4	0,2	8	0,5
Norðanverðir Vestfirðir	27	1,5	42	2,6
Vesturbyggð og Tálknafjörður	5	0,3	6	0,4
Húnaþing vestra	7	0,4	10	0,6
A-Hún	8	0,5	5	0,3
Skagafjörður	6	0,3	4	0,2
Útey	36	2,0	12	0,7
Eyjafjörður	80	4,5	74	4,6
Þingeyingar	19	1,1	17	1,0
Fljótisdalshérað	18	1,0	21	1,3
Fjarðabyggð	22	1,2	12	0,7
Hornafjörður	15	0,8	7	0,4
Árborg	46	2,6	29	1,8
Árnesþing*	16	0,9	15	0,9
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	16	0,9	6	0,4
Vestmannaeyjar	26	1,5	35	2,2
<b>Samtals</b>	<b>1.775</b>	<b>100,0</b>	<b>1.621</b>	<b>100,0</b>

\*Í ágúst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árnesþings

\*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

### Fjöldi barna skipt eftir kynjum\*

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	885	54,6
Stúlkur	732	45,2
Ekki vitað	4	0,2
<b>Samtals</b>	<b>1.621</b>	<b>100,0</b>

\*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

### Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði\*

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	1.237	69,7	1.134	70,0
Landsbyggð	538	30,3	487	30,0
<b>Samtals</b>	<b>1.775</b>	<b>100,0</b>	<b>1.621</b>	<b>100,0</b>

\*Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun\*

	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.178	66,4	1.175	72,5

## Ástæður tilkynninga\*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>688</b>	<b>32,0</b>	<b>688</b>	<b>36,6</b>
<i>Drengir</i>			351	18,7
<i>Stúlkur</i>			337	17,9
Líkamleg vanræksla	44	2,0	51	2,7
<i>Drengir</i>			24	1,3
<i>Stúlkur</i>			27	1,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	589	27,4	567	30,2
<i>Drengir</i>			291	15,5
<i>Stúlkur</i>			276	14,7
*Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	176	8,2	140	7,5
<i>Drengir</i>			82	4,4
<i>Stúlkur</i>			58	3,1
Vanræksla varðandi nám	40	1,9	33	1,8
<i>Drengir</i>			18	1,0
<i>Stúlkur</i>			15	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	47	2,2	65	3,5
<i>Drengir</i>			31	1,6
<i>Stúlkur</i>			34	1,8
<b>Ofbeldi</b>	<b>502</b>	<b>23,3</b>	<b>479</b>	<b>25,5</b>
<i>Drengir</i>			206	11,0
<i>Stúlkur</i>			273	14,5
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	265	12,3	235	12,5
<i>Drengir</i>			111	5,9
<i>Stúlkur</i>			124	6,6
*þar af heimilisofbeldi	108	5,0	118	6,3
<i>Drengir</i>			57	3,0
<i>Stúlkur</i>			61	3,2
Líkamlegt ofbeldi	125	5,8	116	6,2
<i>Drengir</i>			58	3,1
<i>Stúlkur</i>			58	3,1
Kynferðislegt ofbeldi	109	5,1	122	6,5
<i>Drengir</i>			32	1,7
<i>Stúlkur</i>			90	4,8



<b>Áhættuhegðun</b>	<b>941</b>	<b>43,7</b>	<b>703</b>	<b>37,4</b>
<i>Drengir</i>			461	24,5
<i>Stúlkur</i>			242	12,9
Neysla barns á vímuefnum	186	8,6	114	6,1
<i>Drengir</i>			73	3,9
<i>Stúlkur</i>			41	2,2
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	262	12,2	203	10,8
<i>Drengir</i>			107	5,7
<i>Stúlkur</i>			96	5,1
Afbrot barns	331	15,4	239	12,7
<i>Drengir</i>			175	9,3
<i>Stúlkur</i>			64	3,4
Barn beitir ofbeldi	123	5,7	84	4,5
<i>Drengir</i>			61	3,2
<i>Stúlkur</i>			23	1,2
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	57	2,6	77	4,1
<i>Drengir</i>			50	2,7
<i>Stúlkur</i>			27	1,4
<b>Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu</b>	<b>22</b>	<b>1,0</b>	<b>9</b>	<b>0,5</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>2.153</b>	<b>100,0</b>	<b>1.879</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu</b>	<b>48</b>	<b>100,0</b>	<b>47</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>			21	44,7
<i>Stúlkur</i>			26	55,3

\*Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

\*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	25	1,2	12	0,6
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	126	5,9	98	5,2
Nágrannar	160	7,4	121	6,4
Önnur barnaverndarnefnd	37	1,7	43	2,3
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	59	2,7	68	3,6
Lögregla	970	45,1	791	42,1
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	275	12,8	271	14,4
Leikskóli/gæsluforeldri	43	2,0	34	1,8
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	145	6,7	147	7,8
Foreldrar barns	190	8,8	174	9,3
Aðrir	123	5,7	120	6,4
<b>Samtals</b>	<b>2.153</b>	<b>100,0</b>	<b>1.879</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Stuðlar	20	71,4	15
Langtímameðferð	8	28,6	6	28,6
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>100,0</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>

### Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	17	60,7	9
Nágrenni Reykjavíkur*	3	10,7	8	38,1
Landsbyggð	8	28,6	4	19,0
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>100,0</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	18	64,3	9
Stúlkur	10	35,7	12	57,1
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>100,0</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>

### Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 3 mánuði 2011	Fyrstu 3 mánuði 2012
	Meðalaldur barna	15,4

\*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

## Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

### Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	9	47,4	9
Nágrenni Reykjavíkur*	10	52,6	8	47,1
<b>Samtals</b>	<b>19</b>	<b>100,0</b>	<b>17</b>	<b>100,0</b>

\*Þjónustuvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	15	78,9	8
Stúlkur	4	21,1	9	52,9
<b>Samtals</b>	<b>19</b>	<b>100,0</b>	<b>17</b>	<b>100,0</b>

### Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

	Fyrstu 3 mánuði 2011	Fyrstu 3 mánuði 2012
	Meðalaldur barna	15,2

\*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

## Umsóknir um fóstur

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Tímabundið	33	71,7	22
Varanlegt	1	2,2	3	10,3
Styrkt	12	26,1	4	13,8
<b>Samtals</b>	<b>46</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>

### Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	20	43,5	12
Nágrenni Reykjavíkur*	11	23,9	8	27,6
Landsbyggð	15	32,6	9	31,0
<b>Samtals</b>	<b>46</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2011		Fyrstu 3 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	28	60,9	10
Stúlkur	18	39,1	19	65,5
<b>Samtals</b>	<b>46</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>

### Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

	Fyrstu 3 mánuði 2011	Fyrstu 3 mánuði 2012
<b>Meðalaldur barna</b>	<b>12,1</b>	<b>10,0</b>

\*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 3 mánuði	
	2011	2012
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	43	60
a. Skýrslutökur	10	16
b. Könnunarviðtöl	33	44
Greiningar- og meðferðarviðtöl	23	27
Læknisskoðanir	7	1

### Kyn barna í Barnahúsi\*

Kyn	Fyrstu 3 mánuði		Fyrstu 3 mánuði	
	2011		2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	27,9	13	21,7
Stúlkur	31	72,1	47	78,3
<b>Samtals</b>	<b>43</b>	<b>100,0</b>	<b>60</b>	<b>100,0</b>

\*Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Neyðarvistun á Stuðlum

### Vistanir, vistunardagar og fjöldi einstaklinga\*

	Fyrstu 3 mánuði	
	2011	2012
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	55	54
Vistunardagar	400	304
Fjöldi einstaklinga	38	33

\*Hér er átt við fjölda vistana á árinu, heildarfjölda vistunardaga og fjölda einstaklinga vistaðir á árinu.

### Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði		Fyrstu 3 mánuði	
	2011		2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	25	65,8	23	69,7
Stúlkur	13	34,2	10	30,3
<b>Samtals</b>	<b>38</b>	<b>100,0</b>	<b>33</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 3 mánuði		Fyrstu 3 mánuði	
	2011		2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni*	10	55,6	12	60,0
Vesturland	2	11,1	1	5,0
Vestfirðir	1	5,6	0	0,0
Norðurland	0	0,0	2	10,0
Austurland	0	0,0	0	0,0
Suðurland	0	0,0	2	10,0
Reykjanes	4	22,2	3	15,0
Fólk búsett erlendis	1	5,6	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>100,0</b>	<b>20</b>	<b>100,0</b>